

**FRÁSÖGN**

*af 12. fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins  
í Reykjavík 18. september 2018.*

Fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Hörpu 18. september sl. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður, Smári McCarthy, varaformaður, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Hanna Katrín Friðriksson, Jón Gunnarsson, Logi Einarsson og Silja Dögg Gunnarsdóttir. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Catherine Stihler, Angelika Mlinar og France Jamet.

Fundinum stýrðu Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Catherine Stihler. Helstu dagskrármál voru fyrirhuguð útganga Bretlands úr Evrópusambandinu (Brexit), fríverslunarsamningar við þriðju ríki, samskiptin yfir Atlantshafið og jafnréttismál og samskipti Íslands og ESB. Í upphafsávarpi sínu lagði Áslaug Arna áherslu á mikilvægi þingmannanefndarinnar sem samstarfsvettvangs Alþingis og Evrópuþingsins. Þá vakti hún athygli á hinni miklu endurnýjun sem varð á Alþingi í kosningunum 28. október sl. og undirstrikaði að ný sendinefnd Alþingis gagnvart Evrópuþinginu hlakkaði til samstarfs á næstu árum.

Í umræðu um Brexit fluttu Catherine Stihler og Hanna Katrín Friðriksson framsögur. Stihler kvað aukinnar óvissu gæta í samningaviðræðum ESB og Bretlands og taldi þar með aukna hættu á að útganga Bretlands úr ESB yrði án samkomulags. Útgöngusamningur lægi að mestu fyrir svo og samkomulag um aðlögunartímabil frá útgöngu Bretlands 29. mars 2019 til 31. desember 2020. Þó gildi það að enginn samningur lægi fyrir fyrr en búið væri að semja um allt og þar strandaði á ólíkum hugmyndum um framtíðarsamband ESB og Bretlands og sér í lagi á því hvernig komið yrði í veg fyrir landamæraeftirlit á milli Írlands og Norður-Írlands. Ekki yrði samið um framtíðarsambandið fyrr en eftir útgönguna en samhliða því að samþykkja útgöngusamning stæði til að samþykkja pólitíska yfirlýsingu um sýn aðilanna varðandi framtíðarsamstarfið. Auk þess sem Bretland og ESB ættu erfitt með að ná samkomulagi um þessi atriði væri alls óljóst hvort breska stjórnin kæmi slíku samkomulagi í gegnum breska þingið þar sem bæði Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn væru klofnir innbyrðis í afstöðunni til Brexit. Hanna Katrín lagði áherslu á að Brexit væri algjört forgangsmál fyrir Íslendinga enda væru hagsmunirnir miklir þar sem Bretland væri næststærsta viðskiptaríki Íslands. Undanfarna mánuði hefði Ísland ásamt hinum EES/EFTA-ríkjunum, Noregi og Liechtenstein, átt í viðræðum við Bretland með það að markmiði að endurspegla í samningi sínum á milli þá þætti sem skipta máli í væntanlegum útgöngusamningi Bretlands og ESB. Þar má helst nefna réttindi borgara til dvalar og búsetu. Færi svo að samningaviðræður Bretlands og ESB rynnu út í sandinn og útgangan yrði án samkomulags yrðu Ísland og hin EES/EFTA-ríkin að reiða sig á náð samstarf við ESB og aðildarríki þess varðandi áhrifin á innri markaðinn. Harnaði Hanna Katrín væntanlega útgöngu sem hún sagði veikja bæði Bretland og Evrópu.

Í umræðu um samskiptin yfir Atlantshafið fluttu Catherine Stihler og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir framsögur. Stihler sagði Bandaríkin hafa snúið baki við hlutverki sem þau gegndu áratugum saman sem forusturíki frjálslyndrar alþjóðahyggju og frjálsra viðskipta. Evrópa liti á alþjóðlegt samstarf og viðskipti sem bestu leiðina til að tryggja hagsæld, stöðugleika og framfarir í heiminum. ESB hefði verið þrýst inn í tómarúm sem myndaðist við stefnubreytingu Bandaríkjanna og ætti það ekki einungis við um stuðning við regluverk alþjóðaviðskipta heldur önnur stórmál eins og Parísarsáttmálann um loftslagsmál og Kjarnorkusamninginn við Íran sem ESB styður þrátt fyrir brotthvarf Bandaríkjanna. Áslaug Arna lagði áherslu á að smáriki eins og Ísland ættu allt sitt undir stöðugu viðskiptaumhverfi. Samstarfið innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) væri því sérstaklega mikilvægt. Einhliða verndartollar græfu undan regluverki alþjóðaviðskipta og ykju líkur á viðskiptastríði sem allir töpuðu á. Þá væri

áhyggjuefni að Bandaríkin stæðu í vegi fyrir að dómarrar væru skipaðir til starfa á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Slík afstaða vegur að grunnstöðum samstarfsins sem mikilvægt er að standa vörð um.

Í umfjöllun um samskipti við ríki utan EES fór Smári McCarthy yfir fríverslunarnet Íslands sem byggist annars vegar á fríverslunarsamningum EFTA sem taka til 38 ríkja og hins vegar á tveimur tvíhliða fríverslunarsamningum við Kína og Færeyjar. Um 6,6% af útflutningi Íslands fer til þessara 40 samstarfsríkja samanborið við 78% sem fer til ESB eða EFTA-ríkjanna. Þau 15% sem eftir standa er útflutningur án fríverslunarívilnana sem byggist því á strípuðum reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Í umfjöllun um jafnrétti kynjanna gerði Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, grein fyrir þróun og stöðu jafnréttismála á Íslandi. Hann ítrekaði að baráttan fyrir auknu kynjajafnrétti kæmi öllum við og að sú staðreynd að enn hallaði á konur hvað varðaði völd, áhrifastöður og laun, hefði neikvæð áhrif á samfélagið, lífsgæði og stöðu kvenna og karla. Ísland hefði í níu ár verið í fyrsta sæti á lista Alþjóðaefnahagsráðsins um stöðu kynjajafnréttis í alþjóðlegum samanburði. Sú staða væri hvatning til að gera enn betur. Hann vísaði jafnframt til laga um jafnlaunavottun sem tóku gildi 1. janúar sl. og ætlað er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Þá ítrekaði hann að þverpólítísk samstaða væri lykillinn að árangri. Angelika Mlinar sagði Evrópuþingið meðvitað um að Ísland væri í fararbroddi Evrópuríkja þegar kæmi að jafnrétti kynjanna. Á Evrópuþinginu væru starfræktar nefndir á þessu sviði og mest hefði farið fyrir umfjöllun um kynlífsheilbrigði og frjósemisréttindi. Þá stæðu vonir til að konum á Evrópuþinginu fjölgaði í komandi kosningum en þær skipuðu nú 37,4% þingsæta.

Næst var fjallað um samskipti Íslands og ESB. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra lagði áherslu á að EES-samningurinn væri undirstaðan í nánnum samskiptum Íslands og ESB og að hagsmunum Íslands væri best varið utan ESB. Það væri sameiginleg ábyrgð EES/EFTA-ríkjanna og ESB að tryggja framkvæmd samningsins. Þrátt fyrir að EES-samningurinn nyti stuðnings á Íslandi væru uppi vissar gagnrýnisráddir. Þannig væru dæmi um að markaðsaðgangur Íslands í gegnum EES væri nú verri en sumra ríkja utan EES. Hann sagði Ísland hafa gripið til aðgerða til að bæta virkni EES-samningsins. Innleiðingarhallinn stæði nú í 1% og hefði ekki verið lægri síðan 2010. Áhersla hefði verið lögð á að bæta gæði innleiðinga ESB-gerða auk þess sem til stæði að auka viðveru fulltrúa íslenskra ráðuneyta í Brussel. Ísland legði auk þess aukna áherslu á aðkomu að mótun ESB-gerða á mótunarstigi í gegnum EES-samstarfið. Þá vakti Guðlaugur Þór athygli á starfshóp sem hann skipaði í ágúst sl. og vinna á skýrslu um aðild Íslands að EES-samningnum. Nefndin mun skila skýrslunni á næsta ári. Michael Mann, sendiherra sendinefndar ESB á Íslandi, lagði áherslu á nán samskipti ESB og EES/EFTA-ríkjanna. ESB kynni að meta þau skref sem Ísland hefði tekið til að stuðla að betri virkni EES-samningsins. Þá væri Ísland virkur þátttakandi í verkefnum ESB á borð við Horizon 2020 og Erasmus-áætlunina. Mann lýsti yfir þakklæti fyrir þá samstöðu sem Ísland hefði sýnt í viðskiptaþvingunum gagnvart Rússlandi. Þá væri tollasamningur Íslands og ESB um landbúnaðarafurðir jákvætt skref fyrir báða aðila. Áslaug Arna sagði að sú heildarendurskoðun sem lagst hefði verið í til að bæta framkvæmd EES-samningsins hefði einnig náð til Alþingis. Alþingi hefði í því augnamiði lagst í heildarendurskoðun á reglum um þinglega meðferð EES-mála. Nýjar reglur hefðu verið samþykktar nýlega og vonir stæðu til að þær gerðu EES-málum hærra undir höfði og mundu um leið auka skilvirkni við upptöku og innleiðingu ESB-gerða. Þá yrði gott að fá fram skýrslu utanríkisráðherra um kosti og galla aðildar Íslands að EES-samningnum sem þingið hefði óskað eftir.

Í lok fundar var fjallað um starfsreglur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og ESB og samþykkt samhljóða að fundum sameiginlegrar þingmannanefndarinnar yrði fækkað í einn ári eins og reyndin hefði verið frá árinu 2014.

13. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður í starfsstöðvum Evrópuþingsins í Strassborg eða Brussel haustið 2019.